

verur. Þeir tóku líka í guðatölu dánar hetjur og forfeður.

13. Hvers vegna gerðu menn sjer þvílíkar hugmyndir?

Sv.: Af því menn þekktu ekki, að náttúru-öflin eru opinberun eins allsherjar kraptar.

14. Sp. Hvi erum vjer eingyðismenn?

Sv.: Af því vjer höfum lært að þekkja einingu hlutanna, og vitum, að til er að eins einn kraptur og eitt lögmál í alheimi.

15. Sp.: Getur maðurinn látið vera að trúá?

Sv.: Já, að nokkru leyti; hann getur haft óbeit á öllum trúarbrögðum og verið mótstöðumaður þeirra, en samt getur hann ekki um flúið þann sannleika, að hann er í eðli sínu trúuð vera.

16. Sp.: Og hvað eigum vjer við með því?

Sv.: Vjer höfum sjöð (í 3. svarinu), að maðurinn er, og hlýtur að vera, á einhvern hátt í sambandi við guð, hvort sem hann er sjer þess meðvitandi eða ekki.

17. Sp. Eru þá trúarbrögð nauðsynleg?

Sv.: Nauðsynlegust allra hluta.

18. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Af því að á þekkingunni á því valdi, sem opinberast í heiminum í kringum oss, og í sjálfum oss, og á rjettu sambandi við það, hvílir líf vort og heilsa, heill og hamingja.

19. Sp.: Gerir það nokkurn mismun, hvaða trú maður hefir?